

SKIPULAGSNEFND UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU

Samvinnunefnd Bláskógabyggðar, Grímsnes-og Grafningshrepps,
Hrunamannahrepps, Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps
um skipulagsmál.

FUNDARGERÐ

40. FUNDUR

Fimmtudaginn 23. ágúst 2007, kl. 9 haldinn á Laugarvatni

Nefndarmenn:

Margeir Ingólfsson

Ingvar Grétar Ingvarsson

Sigurður Ingi Jóhannesson

Gunnar Örn Marteinnsson

Aðalsteinn Sveinsson

Bláskógabyggð

Grímsnes-og Grafningsshr.

Hrunamannahreppur

Skeiða-og Gnúpverjahr.

Flóahreppur

Skipulagsfulltrúi uppsveita og framkvæmdastjóri skipulagsnefndar:

Pétur Ingi Haraldsson

FUNDARGERÐ

Sameiginleg mál

- 1. Stærð aukahúsa á frístundahúsalóðum og nýtingarhlutfall - endurskoðun**
Varðandi samþykkt skipulagsnefndar um nýtingarhlutfall og stærðir aukahúsa dags. 13. september 2006 að þá er fellt út ákvæði um að aukahús megi ekki vera stærra en ¼ af aðalhúsi.
- 2. Stakar byggingaframkvæmdir, 3.tl.**
Rætt um afgreiðslu embættis skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa á stökum byggingaframkvæmdum. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að allar byggingar eiga að vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag eða í samræmi við málsmeðferð 3.tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.
- 3. Efnistaka**
Skipulagsfulltrúi lagði fram drög að bréfi til að senda landeigendum og námurétthöfum varðandi reglur um efnistöku. Skipulagsfulltrúa er falið að fullklára bréfið og leita umsagna Skipulagsstofnunar um efni þess.

Bláskógabyggð

4. Austurhlíð í Biskupstungum. Landsskipti.

Lögð fram fimm lóðablöð úr landi Austurhlíðar í Biskupstungum, landr. 167059. Um er að lóðir utan um núverandi byggingar og ræktarland jarðarinnar.

Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

5. Brúarhvammur í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundahúsalóðar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóðar á bökkum Tungufljóts að austanverðu, rétt sunnan við Biskupstungnabraut. Í tillögunni eru tvær lóðir, önnur 11.440 fm og hin 5.000 fm, og er byggingarreitur fyrir frístundahús á þeirri stærri. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins frá 20. apríl til 18. maí 2005, með athugasemdafresti til 1. júní. Athugasemd barst en var hún síðar dregin til baka.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. Höfði í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070495270

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 32 ha spildu úr landi Höfða (Höfðalönd). Gert er ráð fyrir 29 lóðum á bilinu 0,6 til 2,7 ha fyrir 50-200 fm frístundahús og allt að 25 fm aukahús. Hámarks nýtingarhlutfall er 0.03. Fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar dags. 24. júlí 2007 þar sem m.a. er lagt til að lóð 48 falli út auk þess sem bent er á litla fjarlægð byggingarreita frá Hvíta, girðingamál og fráveitumál.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu deiliskipulagsins þar til sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur tekið afstöðu til aðalskipulagsbreytingarinnar. Bent er á að gera þarf nánar grein fyrir neysluvatnstöku en miðað við fjölda lóða er veitan starfsleyfisskyld, sbr. nýlegar umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um sambærilega tillögu. Einnig er nauðsynlegt að huga nánar að útfærslu sameiginlegrar fráveitu.

7. Iða II í Biskupstungum. Deiliskipulag frístundabyggðar, Eyrarvegur. 20070750375

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Iða II milli Skálholtsvegur og Hvíta, neðan við brú að Laugarási. Í fyrri tillögu var gert ráð fyrir 9 lóðum en í endurskoðaðri tillögu er eingöngu gert ráð fyrir 3 lóðum næst Skálholtsvegi.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar sem upplýsingar um flóðahættu liggja ekki fyrir.

8. Kjaranstaðir í Biskupstungum. Hesthús

Lögð fram beiðni Kristinns Kárasonar um heimild til að reisa nýtt hesthús í stað þess sem nú er til staðar, en gert er ráð fyrir að það verði rífið. Nýja húsið verður um 166 fm stálgrindahús (9,3 x 17,9 x 2,7) á steiptum grunni.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til teikningar liggja fyrir.

9. Kjarnholt í Biskupstungum. Breyting á skilmálum frístundabyggðar. 20070887416

Lögð fram tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Kjarnholta I. Í Breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 250 fm frístundahús í stað 120 fm og allt að 30 fm aukahús í stað 10 fm. Einnig er gert ráð fyrir að þakhalli megi vera á bilinu 0-45° í stað 15-45°.

Skipulagsnefnd telur tillöguna vera óverulega þar sem um er að ræða fáar en stórar lóðir sem flestar eru í eigu sama aðila og samþykkir hana skv. 2. mgr.

26. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um grenndarkynningu. Tillagan skal kynnt eigendum innan skipulagssvæðisins og aðliggjandi lóða.

10. Úthlíð í Biskupstungum. Breyting á deiliskipulagi, afmörkun og stærð lóða. 20070846415

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Úthlíð. Í breytingunni felst að afmörkun og stærð þriggja lóða við Miðbrún breytast. Lóðir 2 og 3 stækka á meðan lóð 5 minnkar lítillega. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

11. Austurey 2 í Laugardal, Krossholtsmýri. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070257199

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Austureyjar 2 í Laugardal, svæði sem kallast Krossholtsmýri. Tillagan var í kynningu frá 14. desember 2006 til 11. janúar 2007 með athugasemdafresti til 25. janúar 2007. Athugasemdir bárust frá Þorsteini Einarssyni f.h. Ásu Þorkelsdóttur, Hilmarí Þorkelssyni og Eiríki Þorlákssyni og varða þær aðkomu að lóðunum. Auk athugasemda liggur fyrir umsögn Snæbjörn Þorkelssonar um um atriði athugasemda. Á fundi skipulagsnefndar 8. febrúar 2007 var tillagan tekin fyrir ásamt ofangreindum gögnum og var afgreiðslu þá frestað þar til fyrir lægi hvernig tryggja megi aðgengi að svæðinu.

Prír kostir eru á aðkomu að svæðinu, þ.e. um núverandi veg að lóðum í Krossholti eins og auglýst tillaga gerði ráð fyrir, um nýjan veg sem lagður yrði samhliða núverandi vegi, eða með því að byggja upp vegslóð sem liggur meðfram Apavatni að syðstu lóðinni.

Að mati nefndarinnar er sá kostur sem auglýst tillaga gerði ráð fyrir, þ.e. um núverandi veg að lóðum í Krossholti, hentugastur og hefur minnst rask í för með sér. Tillagan er því samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga óbreytt frá auglýstri tillögu. Skipulagsfulltrúa er falið að svara athugasemdum í samráði við sveitarstjóra í samræmi við ofangreinda afgreiðslu.

12. Efra-Apavatn í Laugardal. Skógarhlíð, deiliskipulag frístundabyggðar.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á 65 ha spildu úr landi Efra-Apavatns í Laugardal. Svæðið afmarkast af Urriðalæk til norðurs- og norðvesturs, Laugarvatnsvegi að austan og landamerkjum við Efra-Apavatn 2 að sunnan. Gert er ráð fyrir 27 lóðum á bilinu 0,51 – 1,2 ha þar sem heimilt verður að reisa 50-200 fm frístundahús og 40 fm aukahús. Nýtingarhlutfall má þó ekki fara upp fyrir 0.03. Stór hluti svæðisins er ætlað undir skógrækt undir merkjum Suðurlandsskóga. Aðkoma að svæðinu er frá gamla þjóðveginum, frá vegi að bænum Lækjarhvammi. Einnig virðist vera gert ráð fyrir tengingu við Laugarvatnsveg syðst á svæðinu.

Að mati skipulagsnefndar ætti ekki að gera ráð fyrir aðkomu í gegnum mitt núverandi frístundabyggðarhverfi norðan Urriðalækjar og telur frekar að megin aðkoman ætti að vera frá Laugarvatnsvegi og þá í samráði við Vegagerðina. Jafnframt er bent á að byggingarreitur á lóð 18 er of lítill til að koma megi húsi þar fyrir. Stækka þarf lóðina eða fella hana út.

Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn, en á eftir að auglýsa. Afgreiðslu frestað. Leitað verður umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

13. Laugarvatn í Laugardal. Iðnaðarsvæði í Lindarskógi.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Lindarskógi. Í breytingunni felst að lóð nr 5 skiptist í tvær jafnstórar 2.100 fm lóðir.

Skipulagsnefnd telur breytinguna vera óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara grenndarkynningu. Tillagan verður send öllum aðliggjandi lóðarhöfum.

14. Lækjarhvamur í Laugardal. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070891418

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lækjarhvamms í Laugardal. Tillagan var í kynningu ásamt breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins frá 31. ágúst til 28. september 2006 með fresti til athugasemda til 12. október 2006. Fjögur athugasemdarbréf bárust auk þess sem fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Aðalskipulagsbreytingin hefur nýlega verið staðfest.

Til að koma til móts við athugasemdir og umsagnir er tillagan nú lögð fram með eftirfarandi breytingum:

- Lóðum fækkar úr 60 í 46
- Vegir innan svæðisins breytast og ekki er lengur gert ráð fyrir að nýta núverandi veg við sunnanvert svæðið.
- Gert er ráð fyrir sameiginlegum rotþróóm..
- Ekki er lengur gert ráð fyrir framræsluskurðum meðfram vegum.
- Umfjöllun um neysluvatn er ítarlegri auk þess sem afmarkað er vatnsverndarsvæði umhverfis fyrirhugað vatnsból.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Varðandi innkomnar athugasemdir að þá er vísað í umsögn skipulagsfulltrúa, f.h. sveitarstjórnar, við breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

15. Útey 1 í Laugardal. Breyting á deiliskipulagi, skipting lóðar. 20070834422

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar I. Í breytingunni felst að lóð 34 er skipt í tvær um 0,5 ha lóðir.

Skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem báðar lóðirnar ná ekki lágmarks viðmiðunarstærð 0, 5ha. Einnig telur nefndin ekki æskilegt að fjölda lóðum innan skipulags svæðis.

16. Heiðarbær í Þingvallasveit. Færsla á bátaskýli. 2007086409

Lögð fram beiðni Halldórs Kvaran dags. 6. júlí 2007 um leyfi til að færa bátaskýli á lóð með landnr. 170181 í landi Heiðarbæjar. Staðan er þannig að skýlið er skráð á lóð hans en er í raun staðsett á aðliggjandi lóð. Gert er ráð fyrir að húsið verði aðeins minna en núverandi hús (um 25 fm í stað um 34 fm) sem verður flutt/rifið. Fyrirhugað er að staðsetja húsið í jarðfalli og tyrfa yfir þakið.

Skipulagsnefnd telur að skila þyrfti inn nákvæmari uppdráttum af fyrirhugaðri nýbyggingu, bæði afstöðumynd af fyrirhugaðri staðsetningu og teikningu af sjálfu húsinu. Þegar þessi gögn liggja fyrir er skipulagsfulltrúa falið að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina og þarf hún að liggja fyrir áður en málið verður formlega tekið fyrir að nýju.

17. Heiðarbær í Þingvallasveit. Framkvæmdaleyfi, bátalægi við lóð nr. 1. 2007086408

Lagt fram bréf Sigurmars K. Albertssonar hrl. dags. 12. júlí 2007 vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir bátalægi við lóð nr. 1 í landi Heiðarbæjar. Vísað er í fyrri umsókn um leyfi til endurbóta sem og gögn og rök sem koma fram í kærnu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, m.a. myndir af öðrum bátalægum og bátaskýlum umhverfis Þingvallavatn.

Að mati skipulagsnefndar er ekki um smávægilegar framkvæmdir að ræða eins og fram kemur í kærnu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála þar sem framkvæmdin hefur haft umtalsvert jarðrask í för með sér á bakka vatnsins. Í gögnum sem fylgdu umsókn eru sýndar myndir af bátalægum umhverfis vatnið til að sýna fram á fordæmi fyrir þeirri framkvæmd sem hafin var án leyfis og vísað í jafnræðisreglu. Á þessum myndum má sjá að í vel flestum tilvikum er land að bátalægum ekki eins bratt og raunin er á lóð umsækjanda og er rask því töluvert minna. Á lóð umsækjanda er ekki eingöngu um að ræða gerð lítills varnargarðs út í vatnið, heldur hefur orðið umtalsverð röskun á bakka vatnsins þar sem m.a. virðist hafa verið grafið úr honum til að fá efni í varnargarðinn. Að mati skipulagsnefndar eru því ekki fordæmi fyrir sambærilegri framkvæmd innan sveitarfélagsins. Þá má einnig benda á að forsendur breytast sem m.a. kemur fram í ákvæðum nýrra laga og reglugerða, bæði varðandi framkvæmdir almennt og á ákveðnum svæðum. Það er ekki því sjálfgefið, með vísan til jafnræðis, að það sem áður var látið óáreiðt sé heimilt í dag.

Í umsókn lóðarhafa kemur fram að leitað hafi verið leyfis ábúanda á jörðinni Heiðarbæ, sem hafi fengist. Að sögn ábúanda er ekki rétt farið með því lóðarhafi hafi eingöngu tilkynnt honum að "hann hefði hug á að færa til nokkra steina". Ábúandinn kannast ekki við að hafa veitt leyfi fyrir framkvæmdinni, enda sé það ekki hans að veita slíkt leyfi heldur landeigandi sem er landbúnaðarráðuneytið.

Skipulagsnefnd telur að umrædd framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld en frestar afgreiðslu málsins þar til umsögn Umhverfisstofnunar liggur fyrir þar sem framkvæmdin er innan svæðis á náttúruminjaskrá og einnig sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 650/2007.

18. Stíflisdalur í Þingvallasveit. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070355250.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stíflisdals í Þingvallasveit. Málinu var frestað á fundi skipulagsnefndar 9. mars 2007.

Skipulagssvæðið er 183 ha og er þar gert ráð fyrir 28 frístundahúsalóðum á bilinu 1,3 – 3,7 ha þar sem heimilt verður að reisa allt að 225 fm frístundahús að grunnfleti auk svefnlofts. Fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar, Veiðimálastjóra og Fornleifaverndar ríkisins.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að lóð nr. 5 við ós Laxár fellur út. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar þarf að gera ráð fyrir ítarlegri hreinsun fráveitu sbr. reglugerð um nr. 650/2006. Leitað verður umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um tillöguna áður en hún verður auglýst.

Grímsnes-og Grafningshreppur

- 19. Hestur í Grímsnesi. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, fjölgun lóða. 20070854414**
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hests. Breytingin er sett fram á tveimur uppdráttum og felur í sér að fjórum lóðum er bætt við. Tveimur um 0,8 ha lóðum er bætt við í framhaldi af lóðum 131 og 136 og tveimur 0,8 lóðum er bætt við í framhaldi af lóðu 5b og 7c. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillögurnar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- 20. Stærri-Bær í Grímsnesi. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070430293.**
Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stærri-Bæjar í Grímsnesi. Málið var áður tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar 24. apríl 2007. Í framlagðri tillögu hefur lóðum fækkað úr 79 í 65 m.a. þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir aðkomu um Heiðarbraut. Fram kemur að svæðið tengist vatnsveitu sveitarfélagsins auk þess sem gert er ráð fyrir sameiginlegri fráveitu fyrir a.m.k. 4 hús.. Heimilt verður að reisa 50-200 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús á hverri lóð. Hámarksnýtingarhlutfall skal þó ekki vera hærra en 0.03. Tillagan er í samræmi við auglýsta breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Leitað verður umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Fornleifaverndar ríkisins.
- 21. Syðri-Brú í Grímsnesi. Breyting á deiliskipulagi. 20070832407**
Lögð fram tillaga Landforms að breytingu á deiliskipulagi í landi Syðri-Brúar. Breytingin nær til lóða 11 og 13 við Lyngbakka en gert er ráð fyrir að afmörkun þeirra breytist lítillega vegna breytinga á landamörkun lands Syðri-Brúar og aðliggjandi lóðar. Skipulagsnefnd telur breytinguna vera óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Tillagan verður grenndarkynnt eigendum þess lands sem verður fyrir áhrifum af breytingunni.
- 22. Vatnsholt í Grímsnesi. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. 20070891412**
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vatnsholts í Grímsnesi. Í breytingunni felst að afmörkun og stærð lóða 1,3,4,7 og 9 við Norðurbraut breytist lítillega. Skipulagsnefnd telur breytinguna vera óverulega og samþykkir hana skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um grenndarkynningu. Breytingin skal kynnt eigendum þeirra lóða sem breytast. Lagfæra þarf uppdrátt í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.
- 23. Vatnsholt í Grímsnesi. Endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar. 20070828413**
Lögð fram að nýju tillaga að endurskoðun deiliskipulags í landi vatnsholts í Grímsnesi, sbr. erindi Þorbjargar Daníelsdóttur dags. 30. júlí 2007. Tillagan gerir ráð fyrir 51 lóð á bilinu 4.400 til 10.000 fm þar sem heimilt verður að reisa 50-200 fm frístundahús. Hús eru þegar á 8 lóðum. Óskað er eftir að fá að nota nýboraða neysluvatnsholu til bráðabirgða þar til framtíðarlausn neysluvatns hefur fengist. Fyrir liggur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 21. ágúst 2007 þar sem ekki er fallist á framlagða tillögu.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til komið hefur verið til móts við athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

24. Torfastaðir 2 í Grafningi. Lóðablað. 20070842423

Lagt fram lóðablað yfir 18,16 ha land úr landi Torfastaða 2, á milli Grafningsveggar og Sogsins. Með fylgir blað sem sýnir samþykkt lóðarmörk milli Torfastaða 1 og 2.

Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

25. Villingavatn í Grafningi. Lóðablað. 20070813411

Lagt fram lóðablað yfir 5.387 fm lóð úr landi Villingavatns.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til nákvæmari yfirlitsmynd af svæðinu liggur fyrir.

Hrunamannahreppur

26. Dalbær III, Markarflöt. Deiliskipulag frístundabyggðar. 20070225226

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Dalbæjar III. Tillagan nær yfir 20,3 ha svæði vestan í Galtafelli og kallast Markarflöt. Gert er ráð fyrir 18 lóðum á bilinu 6.300 – 9.300 m² þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 m² frístundahús og allt að 30m² aukahús. Tillagan er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem hefur nýlega verið staðfest. Tillagan var í kynningu frá 1. mars 2007 með frest til athugasemda til 12. apríl. Ein athugasemd barst frá eigendum aðliggjandi lands. Vegna athugasemdar hefur verið gerð sú breyting á tillögu að aðkoma að svæðinu breytist. Fyrir liggur jákvæð umsögn vegagerðarinnar um þá tengingu auk þess sem fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Fornleifaverndar ríkisins. Skipulagsnefnd samþykkir tillögunu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að aðkoma að svæðinu breytist til að koma til móts við athugasemd. Skipulagsfulltrúa er falið að svara athugasemd í samræmi við ofangreinda afgreiðslu.

Skeiða-og Gnúpverjahreppur

27. Efri-Brúnavellir á Skeiðum. Frístundahús skv. 3. tl

Lögð fram afstöðumynd af fyrirhuguðu frístundahúsi á 1,2 lóð úr landi Efri-Brúnavalla á Skeiðum. Gert er ráð fyrir að húsið verið flutt á staðinn. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og í fasteignamati sem ræktunarland.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarnefndar. Tillöguna þarf að kynna fyrir aðliggjandi landeigendum.

28. Kílhraun á Skeiðum. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. 20070245208

Lögð fram til kynningar endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kílhrauns á Skeiðum. Tillagan hefur verið endurskoðuð í ljósi flóða sem urðu í Hvítá í lok síðasta árs þar sem vatn flæddi yfir hluta svæðisins.

29. Skeiðháholt á Skeiðum. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. 20070598331

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóða úr landi með landnr. 166520 (grasbýlið Tögl), sem liggur á milli lögbýlana Skeiðhólts 2 og Blesastaða. Gert er ráð fyrir 8 lóðum á bilinu 4.471 til 11.653 fm þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús og 50 fm aukahús. Í gildi er deiliskipulag fyrir 3 lóðanna sem fellur úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Tillagan var í kynningu frá 25. júní til 23. júlí 2007 með athugasemdafresti til 6. ágúst. Athugasemd barst frá eiganda Skeiðhólts 3. Að auki liggur fyrir umsögn landeigenda um innkomna athugasemd.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri veltengingu sem gert var ráð fyrir í auglýstri tillögu.

Skipulagsfulltrúa er falið að svara athugasemd í samræmi við ofangreinda afgreiðslu í samráði við sveitarstjóra.

Flóahreppur

- 30. Porleifskot í fyrrum Hraungerðishreppi. Stofnun lóðar. 20070818406**
Lagt fram lóðablað yfir tvær lóðir sem samtals eru 4.136 fm að stærð. Önnur lóðin er úr Porleifskoti landnr. 166259 og hin úr Porleifskoti lóð með landnr. 187517. Lóðirnar verða sameinaðar í eina lóð, Porleifskot 2, með núverandi byggingu nautaupeldisstöðvar Bændasamtakanna sem ráðgert er að selja. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- 31. Skálmholt í Villingaholtshreppi. Lóðablað, Krækishólar. 20070817410**
Lagt fram lóðablað yfir 2 ha spildu úr landi Skálmholts (landr. 193160). Málið var áður lagt fram á fundi skipulagsnefndar þann 14. júní sl. og þá frestað. Lagt fram að nýju í samræmi við ábendingar skipulagsfulltrúa. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi landeigenda. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið klukkan kl. 12:23.

Næsti fundur verður

Laugarvatni 23. ágúst 2007

Margeir Ingólfsson (8721)

Ingvar Ingvarsson (8719)

Sigurður Ingi Jóhannsson (8710)

Gunnar Örn Marteinson (8720)

Aðalsteinn Sveinsson (8722)

Pétur Ingi Haraldsson